

# Minnisblað

Til:  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 25. ágúst 2017  
Mnr. 2017080049



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - stílsnið.docx

Lóðin Aðalgata 24, er 348,78 fm að stærð og hámarks byggingarmagn á lóð er 209 fermetrar. Nánast allt skipulagssvæðið nýtur hverfisverndar H10, markmið ASK 2008-2020 varðandi hverfisverndina er

- ✓ Að skapa umhverfis sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Ísafjarðarbæjar og að styrkja jákvæða þróun sveitafélagsins.

Ákvæði hverfisverndar á svæði H10 lúta að verndun byggðar frá því fyrir 1918 og uppbyggingu í samræmi við fyrri byggð. Lögð er áhersla á að hús með verndargildi verði ekki fjarlægð og möguleika til að endurreisa horfin hús, sem líkleg eru til að bæta heildaryfirbragð hverfisins eða eru sögulega mikilvæg. Jafnframt er lögð áhersla á að ný hús og almennt yfirbragð byggðar falli að yfirbragði hverfisins og einkennandi arkitektúrs þess tíma er hverfið byggðist upp. Þetta á einnig við um umhverfi húsa og almenningssvæði. Á íbúðarsvæðum sem njóta hverfisverndar skulu allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar.


### Byggingarreitir, mænisstefna og gerð húsa

Innan byggingarreits á nýjum lóðum er heimilt að reisa 1-2ja hæða íbúðarhús ásamt hugsanlegum kjallara og/eða risi, en jafnframt er heimilt að byggja þar bílskúr, sólskýli, smáskúr, garðhús o.þ.h. Byggingar skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar svæðisins

Mænisstefna er bindandi og skal einkennishluti bygginga á lóð fylgja henni. Með einkennishluta er átt við meginbyggingu eða þann hluta bygginga á lóð sem er mest sýnilegur séð frá götu. Heimilt er að breyta mænisstefnu um  $\pm 10^\circ$  miðað við uppgefna mænisstefnu, enda samræmist hún betur byggingarhefð, fyrri staðsetningu húss eða aðliggjandi lóðum. Mænisstefna er sýnd á uppdrætti.

Á lóðum, sem ekki eru þegar byggðar, er heimilt að flytja eldri hús á lóðina eða byggja ný.

Staðsetning og mótun nýrra bygginga á hverfisverndaða svæðinu skal falla að hefðum og arkitektúr þess tíma sem verndin miðar við. Hvatt er til þess að endurreisa horfin hús sem líkleg eru til að bæta heildaryfirbragð hverfisins eða eru sögulega mikilvæg. Við endurbyggingu og viðhald skal leitast við að halda í þá hluti sem nýtanlegir eru.



Gata	Stærð lóðar í m <sup>2</sup>	Nýtingarhlutfall	Hámarksstærð bygginga í m <sup>2</sup>	Hámarksstækkun þegar byggðra bygginga í m <sup>2</sup>	
Aðalgata 24	348,78	0,60	209,27	209,27	